

Heildarhagnaður nam 111 mkr

EBITDA 439 mkr á fyrri árshelmingi 2016

REYKJAVÍK - 24. ágúst 2016 - Nýherji kynnti í dag uppgjör annars ársfjórðungs og fyrri árshelmingis 2016

Helstu upplýsingar:

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.794 mkr á öðrum ársfjórðungi (12% tekjuvöxtur frá F2 2015) og 7.126 mkr á fyrri árshelmingi (7,2% tekjuvöxtur frá 1H 2015) [F2 2015: 3.386 mkr, 1H 2015: 6.649 mkr]
- Framlegð nam 931 mkr (24,5%) á öðrum ársfjórðungi og 1.816 mkr (25,5%) á fyrri árshelmingi 2016 [F2 2015: 830 mkr (24,5%), 1H 2015: 1.637 mkr (24,6%)]
- EBITDA nam 259 mkr (6,8%) á öðrum ársfjórðungi og 439 mkr á fyrri árshelmingi [F2 2015: 227 mkr (6,7%), 1H 2015: 452 mkr (6,8%)]
- Heildarhagnaður á öðrum ársfjórðungi var 73 mkr og 111 mkr á fyrri árshelmingi [F2 2015: 69 mkr, 1H 2015: 111 mkr]
- Eiginfjárlutfall 30,8% í lok ársfjórðungs en var 29,5% í lok síðasta ársfjórðungs
- Nýherji hf. hefur ráðið AGC Partners LLC til að styðja við undirbúning á mögulegu sölufarli á Tempo ehf.

Finnur Oddsson, forstjóri:

„Afkoma Nýherjasamstæðunnar batnaði á öðrum ársfjórðungi miðað við fyrsta fjórðung þessa árs, en fyrri helmingur ársins markast af kostnaðarhækkunum vegna kjarasamninga. Heildarhagnaður samstæðunnar er 73 mkr á öðrum ársfjórðungi og 111 mkr fyrstu 6 mánuði ársins, sem er sambærilegt við fyrri árshelming 2015.

Rekstur samstæðunnar gekk almennt ágætlega, sérstaklega hefur verið góður gangur í hugbúnaðartengdri starfsemi, bæði hjá Nýherja og dótturfélögum. Tekjur Tempo jukust um tæplega 40% (í USD) og viðskiptavinum fjölgar áfram hratt. Til að styðja við þessa þróun höfum við lagt aukna áherslu á erlenda starfsemi Tempo með fjölgun starfsfólks í Montréal og opnun starfsstöðvar í San Francisco. Hjá TM Software hækkðu tekjur um fjórðung, en mjög góð eftirspurn er eftir lausnum á öllum sérsviðum félagsins. Tekjur Applicon í Svíþjóð hafa að sama skapi aukist, afkoma er góð og unnið að stórum og spennandi verkefnum, sérstaklega á sviði kjarnabankalausna.

Góður vöxtur hefur verið í sölu hugbúnaðarlausna hjá Nýherja, móðurfélagi, en aukin áhersla á þann þátt starfsemi okkar skilað því m.a. að Nýherji var valinn samstarfsaðili ársins af Microsoft í fyrsta skipti. Sala á tölum og tengdum búnaði gekk vel, sérstaklega í hljóð- og myndlausnum og nýjum hýsingarlausnum, sem Nýherji býður í samstarfi við Verne Global.

Yfir það heila erum við nokkuð sátt við niðurstöðuna eftir ögrandi fyrsta fjórðung ársins. Verkefnastaða er góð, afar áhugaverð tækifæri í starfsemi dótturfélaga erlendis og horfur í rekstri samstæðunnar því ágætar. Kostnaðarhækkningar vegna kjarasamninga í upphafi árs verða þó áfram eitt stærsta viðfangsefni móðurfélags Nýherja og verður áfram horft til hagræðingar eins og þörf krefur.“

Rekstrarniðurstaða á fyrri árshelmingi 2016

Rekstrarreikningur - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	1H 2016	1H 2015
Seldar vörur og þjónusta	7.126	6.649
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(5.310)	(5.011)
Framlegð	1.816	1.638
Rekstrarkostnaður	(1.618)	(1.346)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	199	292
Hrein fjármagnsgjöld	(83)	(112)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	116	180
Tekjuskattur	(19)	(37)
Hagnaður tímabilsins	97	143
Þýðingarmunur dótturfélaga	14	(32)
Heildarhagnaður tímabilsins	111	111
EBITDA	439	452

- Sala á vöru og þjónustu nam 7.126 mkr á fyrri árshelmingi 2016, samanborið við 6.649 mkr á sama tímabili árið 2015, sem er aukning um 7,2% á milli ára
- Framlegð nam 1.816 mkr (25,5%) á fyrri árshelmingi 2016, samanborið við 1.638 mkr (24,6%) á sama tímabili árið 2015
- Rekstrarkostnaður var 1.618 mkr á fyrri árshelmingi 2016 (22,7% af tekjum), samanborið við 1.346 mkr (20,2% af tekjum) á fyrri árshelmingi 2015
- Laun og launatengd gjöld sem hlutfall af tekjum var 37,9% á fyrri árshelmingi, samanborið við 35,7% á fyrri árshelmingi 2015
- EBITDA nam 439 mkr (6,2%) á fyrri árshelmingi, samanborið við 452 mkr (6,8%) á sama tíma árið 2015
- Heildarhagnaður á fyrri ársfjórðungi 2016 nam 111 mkr sem er sami heildarhagnaður og var á sama tímabili árið 2015

Efnahagsreikningur 30.06.2016

Efnahagsreikningur 30.06.2016 - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	30.06.2016	31.12.2015
Fastafjármunir	3.375	3.187
Veltufjármunir	3.260	3.719
Eignir samtals	6.635	6.907
Eigið fé	2.041	1.930
Langtímaskuldir	2.285	2.521
Skammtímaskuldir	2.309	2.455
Eigið fé og skuldir samtals	6.635	6.907
Veltufjárhlutfall	1,41	1,52
Eiginfjárhlutfall	30,8%	28,0%

- Veltufjármunir lækka um 459 mkr frá árslokum 2015, úr 3.719 mkr í 3.260 mkr. Handbært fé lækkar um 326 mkr á tímabilinu vegna uppgreiðslu á vaxtaberandi lánum og fjárfestingum fjármögnuðum frá rekstri. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur lækka um 184 mkr á tímabilinu
- Eiginfjárhlutfall hækkar og er 30,8% í lok fyrri árshefmings 2016, en var 28,0% í lok árs 2015
- Veltufjárhlutfall er 1,41 í lok fyrri árshefmings 2016, en var 1,52 í lok árs 2015
- Vaxtaberandi langtímaskuldir eru 2.285 mkr og hafa lækkað um 237 mkr frá árslokum 2015

Sjóðstreymi 30.06.2016

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	1.1.2016- 30.06.2016	1.1.2015- 30.06.2015
Handbært fé frá rekstri	506	274
Fjárfestingarhreyfingar	(493)	(226)
Fjármögnunarhreyfingar	(334)	(3)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(321)	45
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(5)	(1)
Handbært fé í ársbyrjun	809	79
Handbært fé í lok tímabilsins	483	123

- Handbært fé frá rekstri er 506 mkr í lok fyrri árshelmings 2016, samanborið við 274 mkr í lok fyrri árshelmings 2015
- Fjárfestingarhreyfingar eru 493 mkr á fyrri árshelmingi 2016, samanborið við 226 mkr á sama tímabili í fyrra. Mismun má að mestu leyti rekja til umtalsvert meiri fjárfestinga í rekstarfjármunum á fyrri árshelmingi 2016 sem og aukningu í eignfærslu á óefnislegum eignum.
- Fjármögnunarhreyfingar eru neikvæðar um 334 mkr á tímabilinu samanborið við 3 mkr í fyrra. Munurinn liggur að mestu leyti í uppgreiðslu á vaxtaberandi lánum sem átti sér stað á fyrri árshelmingi 2016 sem og hækkun á yfirdrætti í fyrra upp á 108 mkr, en engin breyting átti sér stað á fyrri árshelmingi 2016
- Handbært fé í lok tímabilsins nam 483 mkr samanborið við 123 mkr í lok fyrsta ársfjórðungs 2015

Rekstrarniðurstaða á öðrum ársfjórðungi 2016

Ársfjórðungsfirmit - Lykiltölur					
Í milljónum ISK	F2 2016	F1 2016	F4 2015	F3 2015	F2 2015
Seldar vörur og þjónusta	3.794	3.332	3.663	3.019	3.386
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(2.863)	(2.447)	(2.707)	(2.192)	(2.556)
Framlegð	931	885	956	828	830
Rekstrarkostnaður	(800)	(818)	(750)	(678)	(685)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	131	67	206	150	145
Hrein fjármagnsgjöld	(38)	(45)	(33)	(72)	(80)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	93	23	173	78	66
Tekjuskattur	(18)	(1)	(27)	(20)	(14)
Hagnaður tímabilsins	75	22	146	58	52
Þýðingarmunur dótturfélaga	(2)	16	(11)	24	18
Heildarhagnaður tímabilsins	73	38	135	82	69
EBITDA	259	180	315	240	227

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.794 mkr á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 3.386 á sama tímabili árið 2015, sem er aukning um 12% á milli ára
- Framlegð nam 931 (24,5%) á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 830 mkr (24,5%) á öðrum ársfjórðungi 2015
- Rekstrarkostnaður var 800 mkr á öðrum ársfjórðungi (21,1% af tekjum), samanborið við 685 mkr (20,2% af tekjum) á sama tímabili 2015
- Hrein fjármagnsgjöld námu 38 mkr á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 80 mkr á sama tímabili í fyrra
- EBITDA nam 259 mkr (6,8%) á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 227 mkr (6,7%) á sama tímabili í fyrra
- Heildarhagnaður á öðrum ársfjórðungi var 73 mkr

Tekjuvöxtur hjá móðurfélagi

Afkoma Nýherja, móðurfélagsins, var yfir áætlunum á öðrum ársfjórðungi eftir lakari fyrsta ársfjórðung. Tekjuvöxtur varð á flestum sviðum í rekstri félagsins í fjórðungnum. Hlutfallslega var mesti vöxtur í hugbúnaðarlausnum og hljóð- og myndlausnum. Aukin áhersla á hugbúnaðarlausnir skilaði sér í því að Nýherji var valinn samstarfsaðili ársins hjá Microsoft í fyrsta skipti.

Félagið flutti hýsingaþjónustu sína í gagnaver Verne Global á tímabilinu og hefur eftt þjónustuframboð og framúrskarandi rekstraröryggi hýsingarlausna skilað nýjum verkefnum bæði hjá innlendum og erlendum viðskiptavinum.

Á sama tíma og launakostnaður hefur aukist mikið á milli ára vegna kjarasamninga þá hefur félagið fjárfest mikið til að styrkja innviði og lausnaframboð. Fjárfest hefur verið í nýjum vélarsal í Verne, nýrri fundar- og starfsmannaaðstöðu í Borgartúni og einnig hefur verið aukið við fjárfestingu í hugbúnaðarlausnum.

Nýherji hefur lagt aukna áherslu á sölu Lenovo tölva til einstaklinga og góð sala var í Sony sjónvörpum og myndavélabúnaði, bæði frá Sony og Canon.

Horfur móðurfélagsins í sölu eru jákvæðar.

Tekjuvöxtur og bætt afkoma hjá TM Software

Heildartekjur TM Software, sem sérhæfir sig í þróun eigin hugbúnaðarlausna og sérlausnum fyrir viðskiptavinum, voru 24% hærra á fyrri árhelmingi miðað við sama tímabil í fyrra. Góð eftirspurn var eftir þjónustu sérfræðinga og á lausnum félagsins á öllum þremur sviðum þess sem eru heilbrigðislausnir, ferðalausnir og þjónustusíður og sérlausnir. Á sama tíma stóð rekstrarkostnaður í stað og afkoma því töluvert bætt.

Horfur fyrir síðari hluta ársins eru ágætari í ljósi verkefnastöðu og tækifæra í sölu á hugbúnaðarleyfum.

Vöxtur og styrking erlendra starfsemi Tempo

Heildartekjur Tempo, sem þróar tímaskráningar- og verkefnastjórnunarlausnir, námu 3,2 milljónum dollara á öðrum ársfjórðungi, sem er tæplega 40% tekjuaukning frá fyrra ári, þar af jukust tekjur af lausnum í gegnum skýið um 81% miðað við sama tímabil í fyrra.

Maí var metmánuður í fjölda reynsluáskrifta og 750 ný leyfi voru seld til viðskiptavina í fjórðungnum, sem er 50% aukning frá fyrra ári. Viðskiptavinir félagsins eru nú hátt á níunda þúsund í yfir 100 löndum. Meðal nýrra viðskiptavina má nefna tryggingafélagið Geico, Liverpool Football Club, Texas Instruments og Under Armour.

Tempo opnaði skrifstofa í San Francisco á fjórðungnum og starfsfólki í Montreal fjölgaði áfram, en þar starfa nú 11 manns. Samhliða þessu hefur starfsemi á Íslandi verið endurskipulögð og stöðugildum fækkað lítillega, m.a. vegna flutnings verkefna. Tilgangur breytinganna er m.a. að laga starfsemi fyrirtækisins betur að þörfum viðskiptavina og færa starfsemina nær stærsta markaðsvæði Tempo. Yfir 90 manns starfa nú hjá Tempo, þar af 14 í Norður-Ameríku. Gert er ráð fyrir að starfsfólki Tempo í Norður Ameríku fjölgi samfara áframhaldandi vexti tekna og fjölgun nýrra viðskiptavina.

Nýherji hf. hefur ráðið AGC Partners LLC til að styðja við undirbúning á mögulegu söluferli á Tempo ehf. Frekari ákvarðanir um hvort af söluferli verður, tímasetningar eða útfærslu, liggja ekki fyrir.

Applicon á Íslandi undir áætlunum

Afkoma hugbúnaðarfyrirtækisins Applicon á Íslandi var undir áætlunum á fyrri hluta ársins. Mikil áhersla hefur verið lögð á áframhaldandi þróun mannauðslausna og launakerfa á tímabilinu og endurspeglar afkoma félagsins þá fjárfestingu. Ný fyrirtæki bættust í notendahóp Kjarna-mannauðslausnar, sem tryggir stöðugar þjónustutekjur til lengri tíma.

Verkefnastaða er ágæt og horfur í sölu á lausnum félagsins eru góðar á síðari hluta ársins.

Góð afkoma hjá Applicon í Svíþjóð

Verulegur afkomubati varð á rekstri hugbúnaðarfyrirtækisins Applicon í Svíþjóð á öðrum ársfjórðungi og fyrri hluta ársins. Heildartekjur jukust um 17% fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Megin skýringar á bættum hag félagsins á tímabilinu er betri nýting á útseldum tímum sérfræðinga, hærra tímaverð og aukin eftirspurn eftir sérfræðingum.

Verkefnahorfur eru ágætar, einkum í endurnýjunum á samningum við núverandi viðskiptavinum og nýjum innleiðingum SAP kjarnabankalausna.

Horfur

Horfur í rekstri Nýherjasamstæðunnar eru ágætar í ljósi verkefnastöðu og þess afkomubata sem varð á öðrum ársfjórðungi.

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok annars ársfjórðungs 2016 var kr. 7.695 mkr. Lokaverð hlutabréfa í ársfjórðungnum var kr. 17,10 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 30. júní 2016 voru 450 milljónir og voru hluthafar 377 talsins.

Kynningarfundur þann 25. ágúst 2016

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 25. ágúst 2016 í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík kl. 08:30. Finnur Oddsson, forstjóri mun kynna afkomu félagsins. Hægt er að nálgast streymi af fundinum á heimasíðu félagsins. Kynningarefni af fundinum verður hægt að nálgast á heimasíðu félagsins, www.nyherji.is, að honum loknum.

Fjárhagsdagatal

- 26.10.2016 Þriðji ársfjórðungur 2016
- 31.01.2017 Fjórti ársfjórðungur og ársuppgjör 2016
- 03.03.2017 Aðalfundur ársins 2016

Samþykkt árs hlutareiknings

Árs hlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. þann 24. ágúst 2016. Uppgjör Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

Nýherji hf.

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Nýherji er þjónustufyrirtæki og hlutverk fyrirtækisins felst í að aðstoða viðskiptavini að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðiþekkingu starfsfólks og lipurri þjónustu. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu NYHR.

Í stjórn Nýherja eru Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Emilía Þórðardóttir, Ívar Kristjánsson og Loftur Bjarni Gíslason. Guðmundur Jóh. Jónsson er varamaður í stjórn. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

Nánari upplýsingar

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða fo@nyherji.is og Gunnar Petersen framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@nyherji.is.

Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.